

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRÍÐ 1977.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1977.

1. VEDURFAR ÁRSINS.

Í janúar var breytileg átt, en norðlæg og norðvestlæg átt tíðust. Frekar hægviðrasamt, en talsverð úrkoma. Meðalsnjódýpt var 55 cm. Hámark hita mældist 8.4 stig
3. janúar, lágmark -20.2 stig 1. s. m.

Í febrúar var einkum austlæg og suðaustlæg átt og yfirleitt hægviðrasamt. Kalt og úrkomu lítið. Meðalsnjódýpt var 72 cm. Hámark hita mældist 4.5 stig
18. febrúar, lágmark -16.0 stig 9. s. m.

Í marz var breytileg átt, suðlæg átt var þó tíðust að tiltölu, hægviðrasamt og væg frost. Meðalsnjódýpt var 67 cm. Hámark hita mældist 8.4 stig
21. marz, lágmark -15.9 stig 27. s. m.

Í apríl var nokkuð breytileg átt, en norðlæg og norðvestlæg átt voru þó mest ríkjandi. Kalt og heldur óhagstætt tíðarfar. Meðalsnjódýpt var 53 cm. Hámark hita mældist 8.3 stig
7. apríl, lágmark -19.5 stig 17. s. m.

Í maí var sunnanátt tíðust að tiltölu. Kalt var fram á til 20. maí, en þá tók að hlýna. Talsverð naturfrost voru fram um miðjan mánuð og snjór í meira lagi. Gróður var skammt á veg kominn í lok mánaðarins. Þann 26. maí var brum á birki farið að þrútna og lerkí að byrja að litkast. Í lok mánaðarins var lerkíð að verða algrænt og birkiskógurinn var farinn að litkast. Meðalsnjódýpt var 57 cm. Hámark hita mældist 18.7 stig
26. maí, lágmark -6.8 stig 11. s. m.
Úrkoma var fádæma lítil.

Í júní var sunnanátt tíðust að tiltölu, norðanátt var einnig fremur tíð. Tíðarfarir var frekar kalt sérstaklega fram til 10. júní og fór gróðri þá ekkert fram.

Skógurinn var grænn yfir að líta 2. júní, en varla allaufgaður fyrrmen um 12. júní.

Hámark hita mældist 19.9 stig 13. og 17. júní, lágmark -4.2 stig 9. s. m.

Frost mældist fimm sinnum á lágmarksmæli við jörð.

Í júlí var breytileg átt, en þá aðallega suðlæg átt og hagstætt tíðarfar. Sláttur hófst þó seint, viðast hér um slóðir ekki fyrr en um eða upp úr miðjum mánuði.

Hámark hita mældist 19.3 stig 9. og 10. júlí, lágmark 3.6 stig 6. s. m.

Í ágúst var hlýtt og afbragðs tíðarfar dagana 10.-20., og var þá suðlæg átt. Annars var frekar kalt og norðlæg átt.

Mikið moldrok var í Vaðlaheiði síðarhluta dags 11. ágúst.

Hámark hita mældist 22.7 stig 13. ágúst, lágmark -2.0 stig 27. s. m.

Frost mældist þrisvar á lágmarksmæli v/ jörð, mest -4.3 stig 27. ágúst.

Í september var suðlæg átt tíðust að tiltölu, hægviðri og úrkomu lítið. Talsverð frost voru, einkum í fyrri hluta mánaðarins. Þann 8. september var skógurinn farinn að gulna, 16. s. m. var lauffall lítillsháttar að byrja og 23. s. m. var skógurinn laufflaus að mestu.

Hámark hita mældist 16.9 stig 16. september, lágmark -9.5 stig 10. s. m.

Frost mældist 11 sinnum á lágmarksmæli v/ jörð, mest -10.6 stig 10. september.

Í október var breytileg átt, en suðlæg átt þó tíðust. Yfirleitt var var hægviðri og hagstætt tíðarfar.

Hámark hita mældist 10.0 stig 19. október, lágmark -6.7 stig 8. s. m.

Snjódýpt var aðeins mæld þrisvar, mest 4 cm.

Í nóvember var einkum suðlæg átt fyrstu lo daga mánaðarins, en þá snerist til meðlægrar áttar, sem hélst að mestu næstu lo dagana, er aftur kom suðlæg átt.

Tíðarfarið var umhleypingasamt og óstöðugt.

Meðalsnjódýpt var 44 cm. Hámark hita mældist 8.7 stig 27. nóvember, lágmark -18.0 stig 24. s. m.

Í desember var breytileg átt, en suðlæg átt var þó tíðust að tiltölu. Umhleypingasamt.

Meðalsnjódýpt var 46 cm. Hámark hita mældist 9.3 stig, 4. desember, lágmark -24.0 stig 19. s. m.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum 1977.

	Vik frá meðal.	Meðalhiti °C	Úrkoma mm.
Janúar	-0.8	-3.8 (-5.8)	85.6 (58.6)
Febrúar	-2.4	-5.5 (-1.1)	26.5 (43.3)
Mars	1.0	-0.9 (0.5)	70.4 (40.3)
Apríl	-2.1	-2.0 (1.8)	58.0 (22.5)
Mai	0.4	5.5 (5.2)	1.8 (57.7)
Júní	0.3	9.0 (9.8)	15.8 (47.1)
Júlí	-0.1	11.0 (12.3)	83.4 (36.0)
Ágúst	0.0	9.3 (11.4)	46.9 (36.2)
September	0.2	6.6 (6.0)	38.4 (9.6)
Október	-1.2	1.8 (3.2)	125.1 (62.8)
Nóvember	4.2	3.7 (0.8)	131.7 (93.2)
Desember	0.8	-21.1 (-5.8)	59.3 (126.4)
<u>Árið</u>		2.8 (3.2)	742.9 (633.7)

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkomu ársins 1976.

2. VÖXTUR OG ÞRÍFTRJÁGRÓÐURS.

a. Laufgun og lauffall.

Þann 26. maí var brum á birki farð að þrútna og lerkí að byrja að litkast. Í lok mánaðar ns var lerkíð að verða algrænt og birkiskógurinn farinn að litkast. Birkiskógurinn var grænn yfir að líta 2. júní, en varla allaufgaður fyrr en 12. s. m.

Þann 8. september var skógurinn farinn að gulna, 16. s. m. var lauffall lítilshástar að byrja og 23. s. m. var skógurinn lauflaus að mestu.

b. Vöxtur.

Vöxtur var góður, ekki hvað sízt á greni, sem hefur tekið miklum framförum síðust tvö sumur.

c. Fráfall.

Birkifra var nú lítið á skóginum var engu safnað. Talsvert var af könglum á lerkínu á Deðlarhúsum og var safnað dálitlu af könglum af því, ennfremur var safnað könglum af lerkí í Aðlastræti á Akureyri, en hætt er við litlum fráþroska.

d. Skaðar á trjám.

Mjög mikið var um maðk á birkiskóginum, svo að annað eins hefur ekki sést síðan 1934, að því er bezt er vitað. Sást greinilega munur á skóginum dagana 22.- 24. júní. Eftir það versnaði ástandið mjög mikið og um mitt sumar var skógurinn mjög dökkur yfir að líta.

Ástand skóganna var einna verst hér í Fnjóskadal, þó víðar bari á maðk í minna mæli. Virtust skógarnir verst farnir þar sem mest hefur verið grísjað. Heldur virtist skógurinn þó ná sér þegar leið á sumarið.

Svo virtist sem frostin í september skemmdu talsvert af toppum á lerkínu hér í skóginum. Einnig sá talsvert á bergfuru í gróðrarstöðinni.

3. STARFSFÓLK.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda vinnustunda í hverjum mánuði, fjölda starfsmann, svo og tölu vinnustunda óg kaupgreiðslur í hverjum mánuði.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins 1977.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>
Janúar	4	462	250.987.-
Febrúar	4	518	304.592.-
Mars	5	488	279.715.-
Apríl	4	363	202.079.-
Mai	9	891	505.728.-
Júní	24	3.535	2.103.222.-
Júlí	22	2.654	1.891.946.-
Ágúst	13	1.824	1.357.609.-
September	14	1.245	1003.215.-
Október	13	1.295	951.926.-
Nóvember	7	816	648.382.-
Desember	6	543	503.338.-
<u>Samtals</u>		<u>14.634</u>	<u>10.005.739.-</u>

Skipting vinnulauna, fæðispeningar og akstur.

Dagvinna.....	11.764	6.798.011.-
Ákvæðisvinna	89	106.990.-
Eftirvinna..	2.413	1.891.677.-
Nv. & hdv...	368	373.356.-
	14.634	9.170.034.-
Fæðispen....	793 d.	555.945.-
Akstur.....		279.760.-
<u>Samtals</u>		<u>10.005.739.-</u>

Launagreiðslur til íbúa Hálshrepps voru kr. 9.093.386.-, eða rétt um 90% af launagreiðslum stofnunarinnar.

Ráðskona var Guðrún Jónsdóttir, verkstjórnannað st Þorsteinn Arnþórsson.

4. G I R D I N G A R.

a. Nýjar girðingar.

Girt var ný girðing við Ásbyrgi, lengd 1.240 m. Efni: 13 rl. vírnet, 8 rl. gaddavír og 310 rekaviðarstaurar. Vinnustundir voru 154, vinnulaun kr. 96.404.-.

b. Viðhald girðinga.

Í Vaglagirðingu var bætt 70 staurum 5 f. ófúav. og 5 staurum 6 f. fúav.

Í Sigríðarstaðagirðingu var bætt 50 staurum 5 f. ófúav., 10 staurum 6 f. ófúav. og 75 staurum 6 f. fúav., auk þess 2 rl. gaddavír.

Í Sandhaugagirðingu var bætt 50 staurum 6 f. fúav.

Í Vaglagirðingu á Belamörk var bætt 10 staurum 5 f. fúav.

Girðingin að Grund í Eyjafirði var nú girt upp enda illa farin. Af efni var notað: 210 staurar 6 f. fúav., 8 rl. gaddavír, 3 rl vírnet og 5 hornstaurar.

Viðhaldskostnaður girðinga var sem hér greinir:

	<u>Viðhaldsk.</u>	<u>Birkist.</u>	<u>Eftirl.& smölun.</u>
Vaglagirðing..... kr.	62.600.-	20.000.-	5.634.-
Þórðarstaðir..... -	124.574.-	40.000.-	32.552.-
Sigríðarstaðag rö. -	31.300.-	53.750.-	10.016.-
Mela-og Stórhöfða. -			32.552.-
Sandhaugagirðing.. -	50.080.-	25.000.-	25.040.-
Fellsskógargirðing -	18.780.-		
Vagfir, Belamörk.. -	12.520.-	3.750.-	
Grund, Eyjafirði.. -	<u>121.444.-</u>	<u>105.000.-</u>	
<u>Samtals kr.</u>	<u>421.298.-</u>	<u>247.500.-</u>	<u>105.794.-</u>

5. SKÓGARHÖGG.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1977.

	<u>Staurar 5 fet</u>	<u>Staurar 6 fet</u>	<u>Efniv. tonn</u>	<u>Eldiv. tonn</u>	<u>Samtals krónur</u>
Sala 1977	280	82	5.00	66.31	1.259.946.-x
S. r. Vöglum	130	430		4.00	289.500.-
Birgðir Vöglum	110	990	6.00	20.00	877.750.-
	520	1502	11.00	90x 00	2.427.196.-
Birgðir 1976	300	1485	7.00	10.00	653.400.-
Högg 1977	220	17	4.00	80.31	1.737.790.-
Tonn	0.10		4.00	80.31	84.41

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu sýnir að selda voru viðarafurðir fyrir kr. 1.259.946.- (netto). Afurðir til elgin nota voru að verðmæti kr. 289.500.-, birgðir, aukning f. f. ári, kr. 224.350.-, alls kr. 1.773.796.-

Vinnulaun v/ skógarhöggs voru kr. 395.006.-, v/ eldivið- að og staura kr. 920.220.-, alls kr. 1.315.226.-.

Tekjur af öðrum skógarafurðum ~~xax~~, þ. e. jólatré og greinar, voru kr. 703.193.- (netto).

Tekin voru 120 jólatré í Fellsskógi, 50 í Sigríðarstaðaskógi, 30 í Þórðarstaðaskógi, 70 í Vaglskógi og 52 tré í Ásbyrgi, alls 322 tré.

Fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga voru tekin 112 tré í Fossselsskógi og Yztafells bændur seldu um 120 tré til Skógræktarfélags Eyfirðinga.

Aðeins var unnið að skógarhöggi í Vaglaskógi. Voru höggvin um 80 tonn viðar, aðallega norðan Kúalágar, ofarlega í skóginum, svo og í reitum nr. 509, 510, 515 og 516.

Unnið var að því að bunta arinnvið og voru 950 bunt send til Reykjavíkur, til sölu þar.

Fúavarðar voru 1136 staurar með Baselit C. F. K. Samkvamt athugun, voru notuð 110 kg. af fúavarnarefni, eða um 100 gr. í staur. Efni skostaður pr. staur var 65.00 kr.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

a. Nývirki og umbætur.

Engin nývirki eða endurbætu voru gerðar í gróðrarstöðinni, nema hvað hafin var bygging á viðbót við starfsmannabústaðinn.

Áburðarblandari og káligeymsla hafa verið lengi efst á óskalista í en úrlausn ekki fengist.

b. Fræplöntur.

Sáning hófst 7. júní og var að mestu lokið 10. s. m. Alls var sáð 8.54 kg. af fræi í 385.5 m². Yfirleitt tókst sáningin vel. Þó voru plönturnar heldur smærri en venjulega vegna þess hve seint var sáð.

c. Dreifsetning.

Dreifsettar voru 111.280 plöntur á venjulegan hátt og auk þess voru 47.000 plöntur vafðar í móbönd.

Stungló var 27.260 græðlingum.

Afhentar voru 76.750 plöntur til annara stöðva.

d. Hreinsun.

Þrjár stúlkur unnu við hreinsunina. Tókst að lækka hreinsunarkostnaðinn um 116 þúsund krómur, eða 22% frá f. ári, þrátt fyrir hækkun á kaupum.

Má þakka það enn betri árangri og árvæni af notkun illgresislyfja. Einnig hefur flatarmál dreifsetninga minnað talsvert.

e. Umbúnaður.

Kostnaður við vetrarumbúnað jókst nokkuð eða úr 3% af rekstri stöðvarinnar, á sl. ári, í tæp 5%.

f. Afhending.

Afhenta voru 119 þúsund plöntur, um 49 þúsund plöntum ferra en áætlað.

Ástæðan var fyrst og fremst sú að minna var gróðursett hjá Skógrækt ríðisins, og skógræktarfélagunum, en áætlað, svo og að hvítgreni og blágreni gekk illa út, sérstaklega það fyrrnefnda.

Til afhendingar eru áætlaðar 150 þúsund plöntur næsta vor og sumar, þar af 54 þúsund móbandáplöntur.

g. Garðplöntur.

Garð- og hnausplöntur voru seldar fyrir kr. 2.875.769.--, nettó. Er það meira en helmingi aukning frá f. ári. Af þessu voru þó aðkeyptar plöntur fyrir 500-600 þúsund krónur.

Til samanburðar má geta þess að 1975 voru seldar garðplöntur fyrir kr. 301.500.--

Farnar voru söluferðir til Húsavíkur, Dalvíkur, Ólafsfjarðar, Siglufjarðar og Elönduóss.

Skortur á hafu flutningateki gerðu þessa flutninga erfiða og óhagkvæma.

Um 2000 grænstíklingar voru settar í móband og pottabretti og pottaðar um 2500 plöntur af trjám og runnum.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

305 kg. 12-12-17-2
25 - kjarni
32 - superba
5 - magn. sulfat
95 - dolomitt kalk.

Ekið var 10 bílhössum af sverði í reitina.

1. Annað.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar 1977.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afhentar skógarplöntur	3.889.215.-	
" hnaus- og garðplöntur.....	2.875.769.-	
1/2 kaup verkstj. og raðskonu...		476.386.-
Sáningar.....		123.322.-
Dreifingargjafir.....		692.982.-
Garðplöntur.....		933.366.-
Pottun.....		129.582.-
Vökvun.....		47.576.-
Afhending.....		604.716.-
Illgresi seyðing.....		416.290.-
Jarðvinnsla.....		60.096.-
Vetrarumbúnaður.....		222.230.-
Smíðar.....		199.694.-
Ymislegt.....		140.673.-
<u>Samtals kr.</u>	<u>6.764.984.-</u>	<u>4.046.913.-</u>

Talsverðar frostskenmdir komu fram á bergfuru í gróðrarstöðinni, eftir frostin í september og lítilsháttar á fleiri tegundum, t. d. alaskaösp.

Lerki var skyggt eins og, áður með góðum árangri, frá ca. 10. ágúst.

7. GRÓÐURSETNING.

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru alls 9.810 plöntur og var kostnaður á plöntu kr. 12.80.-

Auk þess voru gróðursettar 1600 plöntur fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga á Húsavík.

Oft hefur orðið að sjá um gróðursetningu skógræktarfélagins, til þess að sitja ekki uppi með þær plöntur sem félagið hafði plantað hér, eða fengið aðsendar.

b. Plöntunartími og flatarmál.

Gróðursetning hófst óvænju seint. í Vaglaskógi var gróðursett 2.-11. júlí, í Grundarreit 5. júlí og í Öxnafell 7. júlí.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Reitur.</u>	<u>Plöntufi.</u>
Vaglaskógur	Bergfura	2/2	Ht. Confl.	Hálsmóar	2.400
"	Stafafura	2/2	Hanies	315	4.725
"	Hvítgreni	2/3	M. Pass	315	900
					<u>8.025</u>
Öxnafell	Birki	1/0	Skriðukl.		250
"	"	1/2	Hallormsst.		350
"	Broddfura	2/3	"		45
"	Stafafura	2/2	Hanies		100
"	Hvítgreni	2/2	Kenai		100
"	Blágreni	1/2	Highw. S.		100
"	Rússalerki	1/2	Mo och Dom.		250
					<u>1.195</u>
Grund, Eyjaf.	Broddfura	2/2/2	Park Co.		20
"	Lindfura	2/2/2	663		20
"	Bergfura	2/3	Ht. Confl.		50
"	Fjallabínur	2/2	Skagway		50
"	Rússalerki	2/3	Mo och Dom.		50
"	Blágreni	2/3	Highw. S.		50
"	Stafafura	2/2	Hanies		100
"	Hvítgreni	2/4	M. Pass		50
					<u>390</u>
Ásbyrgi	Rauðgreni	2/5	Trysil		200
					<u>200</u>
	<u>Samtals</u>				<u>9.810</u>

Gróðursetning fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga.

Húsavík	Stafafura	2/2	Smithers	750
"	Sitkagreni	2/3	Homer	850
				<u>1.600</u>
	<u>Samtals</u>			<u>1.600</u>

8. HIRÐING.

a. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Í Fellsskógi var fyrst og fremst unnið að umhirðu plantna. Þar var hreinsaður birki nýgræðingur frá barrplöntum.

Á Sandhaugum var unnið að því að hreinsa frá stafafurum og greni. Farið var í Vagi á Pelamörk og unnið þar að grisjun, einnig var haldið áfram hreinsun og grisjun í reitnum að Grund í Þyjafirði.

Á öllum þessum stöðum og miklu vörðar, er þörf á miklu átaki við grisjun og umhirðu, sem víða hefur verið vanrækt alltof lengi.

Ekki vannst tími til áburðargjafar.

9. VEGAGERÐ.

Ekkert var unnið að vegagerð. Vegagerð ríkisins lagði til rykbindiefni í veginn frá Stórarjóðr suður að Skógarseli og varð stofnunin sjálf að sjá um að dreifa því á veginn.

10. BYGGINGAR.

a. Nýjar byggingar.

Upp úr miðjum september var skálinn, sem notaður hafði verið til bráðabirgða við starfsmannabústaðinn, fluttur burt af grunninum. Var síðan hafist handa um viðbyggingu við starfsmannabústaðinn, fjögur herbergi og snyrting, alls 54 m².

Músið er byggt úr timbri, einagrun glerull og plast, bárujárni á þaki.

Kristján Jónsson, Veturliðastöðum, annaðst verkstjórn við bygginguna, Erlingur Arnórsson, þverá leiðbeindi um framkvæmdir og smíðaði glugga.

Efniskostnaður hefur ekki verið sundurliðaður, en vinnulaun námu kr. 600.334.--.

b. Viðhald og endurbætur.

Engar umtalsverðar endurbætu eða viðhald var framkvæmt á fasteignum. Þó var lagfært þak á Vaglahúsinu, en þar var farið að gæta leka meðfram þakglugga.

Þessar lagfæringar þarf að gera á húsinu, er það sérstaklega eldhús, kjallarastigi og svo þarf að mála húsið að innan.

11. VÉLAR OG VERKFÆRI.

a. Mótórvélar.

Reksturskostnaður bifreiðar og dráttarvéla var ekki sundurliðaður, engar stórvægilegar viðgerðir voru framkvæmdar á þeim tækjum á árinu, en fyrir sjáanleg er stórvíðgerð á girkassa bifr. Þ. 2098.

Vinnulaun við viðgerðir á bifreiðinni voru kr. 100.786.-

b. Vélar og verkfæri.

Á árinu var keypt ein keðjusög af Jobu-gerð. Nauðsynlegt er að útbega a. m. k. eina keðjusög og eina kjarrsög. Það er mikið atriði að endurnýja tækin áður en þau verða mjög slitin, vara-hlutir og viðgerðarkostnaður, eru fljót að vega upp á móti tækjakaupum.

12. ÖMMISLEG T.

a. Ferðafólk.

Ferðafólki fjölgaði mjög hér í skóginum. Seld voru 1157 tjaldleyfi og 189 hjólhúsaleyfi, fyrir kr. 576.200.-

Ásbyrgi voru seld 773 tjaldleyfi fyrir kr. 309.200.--. Var það 57 tjöldum færri en á s. l. ári.

Tekjur voru alls kr. 885.400.--

Vinnulaun vegna útivistarsvæða voru kr. 467,622.--, en auk þess var svo ýmiss annar kostnaður, sem ekki hefur verið sundurliðaður.

Um leið og ferðafólki fjölgar, verður þörfin enn meiri fyrir snyrtingar með rennandi vatni.

b. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður sá um venjulegar framkvæmdir og fór í eftirlitsferðir eftir því sem tími gafst til.

Farnar voru ferðir til grásjunar í Vaglax á Belamörk, Grund í Eyjaförð, Hofsa í Svarfaðardal og að Höfða í Mývatnssveit.

Ennfremur hafði skógarv. umsjón með grásjun vinnuflokks, á vegum Skógræktarfélag S.-Þingeyinga, í Fosssels-skógi, Stafni í Reykjadal og að Hróastöðum.

Skógarvörður ferðað st. við á Eyjafjörð með Hauk Ragnarssyni, tilraunastjóra, vegna fyrirhugaðra framkvæmda við skjólbelti.

Skógarvörður sá um töku og sölu jólatrjáa og greina fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga.

c. Ýmislegt.

Lögð var um 2 km. vatnslögn, frá vatnsbóli suður undir merkjum milli Vagla og Merkur, í Vagli og niður að vatnsbrönni fyrir ofan gróðarstöðina. Er leiðslan úr plasti, 40 mm. Etti nú ekki að skorta vatn fyrir íbúðarhús gróðarstöð og tjaldstöði.

Kostnaður var alls kr. 875.580.--, þar af greitt 1976, efniskostnaður, kr. 207.023.--. Vinnulaun voru kr. 138.949.--
Fyrir liggur að endurnýja vatnslögn á Þórðarstöðum.

Vöglum 25. marz 1978.

Hilfi Gunnarsson